


Fyrsta #menntaspjall ársins um menntabúðir



#menntaspjall um:

Menntabúðir edcamp

Sunnudaginn 11.janúar 2015 kl.11.00 á Twitter
Gestastjórnandi: Bjarndís Fjóla (@bjarjons)

Fyrsta #menntaspjall á nýja árinu verður á Twitter á sunnudaginn, 11. janúar, kl. 11-12. Að þessu sinni verður umræðuefnið Menntabúðir og er gestastjórnandi Bjarndís Fjóla Jónsdóttir (@bjarjons) sem stýrir UT-torgi hefur skipulagt fjölda menntabúða fyrir hönd UT-torgs í samstarfi við MenntaMiðju og Rannsóknarstofu í UT og miðlun.

Spurningarnar fyrir spjallið verða:

1. Hvernig hafa menntabúðir gagnast ykkur í kennslu og starfspróun?
2. Hvað hafa menntabúðir fram yfir aðrar leiðir til símenntunar og starfspróunar?
3. Hvernig mætti hvetja kennara til aukinnar þátttöku í menntabúðum?
4. Hvernig mætti nota menntabúðir til að miðla þekkingu og reynslu milli landsvæða?
5. Hvernig mætti tengja menntabúðir betur við starfspróun kennara í einstökum skólum?
6. Hvaða hindranir eru fyrir því að menntabúðir gagnist sem

leið til símentunar og starfsþróunar fyrir kennara?

Á menntabúðum kemur fólk saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Menntabúðir stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi. Menntabúðir eru áhrifarík leið til að skapa jafningjaumhverfi þar sem þátttakendur læra saman og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni.